

**Nd.**

**654. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal fela Búnaðarfélagi Íslands að mæla og gera áætlanir um aukningu skurða og ræsa á Flóaáveitusvæðinu, er nægi til þeirrar fráræslu á áveitulöndunum, að engjar geti notast í votviðratið um sláttinn.

2. gr.

Mælingar og áætlanir samkv. 1. gr. skulu gerðar á árinu 1936, en umbóta-verkið lætur ríkisstjórnin síðan framkvæma, og sé því lokið á árinu 1938.

3. gr.

Kostnaður við þessar framkvæmdir greiðist úr ríkissjóði, án annarar endurgreiðslu af hálfu jarðeigenda en þeirrar, sem nú er lögmælt, um greiðslu á skuld þeirri, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, sbr. l. nr. 56 19. júní 1933.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Notagildi þeirra umbóta, er jarðir í Flóanum hafa fengið með áveitunni, eru í sífelldri áhættu á meðan ekki er betur séð fyrir framræslu á áveitulöndunum en raun er á enn sem komið er. Í langvinnri rigningatið um sláttinn getur vel farið svo, að víðlendar engjar, til og frá um svæðið, tapist alveg í vatn og afleiðingin orðið sú, að sá, er býr á góðri heyskaparjörð, standi ráðþrota og verklaus uppi um há-heyjannatímamann, og eigi það allt undir tíðarfarinu, hvort engjarnar notast meir það sumarið. Síðastliðið sumar stóð nærri, að svona færi. Öllum kunnugum er ljóst, að til endurbóta á þessu þarf að auka fráræslu á svæðinu, fjölga skurðum til muna og jafnvel dýpka einhverja þeirra, sem þegar eru gerðir. — Skal hér eigi eytt orðum að, hve þetta er aðkallandi verk. Þeim, sem hér eiga hlut að máli, er það nóg, að stríða við heyið til þurrkunar í andstæðri tíð, þótt hitt bætist ekki við, að missa af slægju-landinu.

Það er og til hvatningar við flutning þessa frumvarps, að nú eru byrjaðar framkvæmdir til þurrkunar á landi ríkisins á Flóaáveitusvæðinu, og þótt þar verði ef til vill meira gert en að sjá umi frárás rigningarvatns, þá er þó lágmarkspörfin hin sama fyrir alla, er að áveitujörðunum búa, að landið verði tryggt til árlegrar notkunar, þótt misjafnlega viðri. — Ríkið á þar mikilla hagsmuna að gæta, að land það, sem það er eigandi að, geti notast sem bezt, en það er engu síður hagsmunamál þess, að bændur áveitusvæðisins fái þær umbætur á jörðum sínum, er skiptir þá svo miklu og eru í beinu sambandi við framkvæmd áveitunnar, ef hennar eiga að verða not, en þeir hafa sjálfir hvorki aðstöðu né getu til að framkvæma. — Það fer því bezt á því, að umbætur ríkisins á eigin eignum þess og nauðsyn áveitusvæðisbænda verði að þessu leyti samferða.

Flóaáveitulögin gera ráð fyrir, að með stofnkostnaði áveitunnar teljist aukningar og umbætur, sem nauðsynlegt þykir að gera á áveitunni, eftir að hún er tekin til notkunar, en eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds áveitunni, sbr. 2. gr. Flóaáveitulaga frá 1917. Löggjafinn hefir með þessu ákvæði sýnt framsýni, þar sem vita mátti, að reynsla síðari tíma mundi leiða misfellur í ljós, er eigi urðu séðar fyrr en eftir á. Með hinni aðkallandi

framræslu er vissulega um þessháttar aukningu og umbætur að ræða, sem lögin gera ráð fyrir.

Frumvarp þetta mundi eigi vera flutt, ef ætla mætti, að það þyrfti að hafa fjárframlög af ríkisins hálfu í för með sér; hagar ríkissjóðs leyfir það ekki. En ríkinu á að vera auðvelt að koma umbótunum í framkvæmd án sérstaks kostnaðar, er nokkru nemur, þar eð stofnun þess, Búnaðarfélag Íslands, er ætlað að annast mælingar og undirbúning, en allar líkur til, að inna mætti verkið af höndum að mestu leyti með atvinnubótavinnu.